



Vallaskóli sigraði Stóru upplestrarkeppnina í Árborg

Lokakeppni Stóru upplestra-keppninnar í Árborg var haldin í Stekkjaskóla 27. mars síðastliðinn.

Lokakeppnin er samstarfs-verkefni grunnskólanna og Skólaþjónustu Árborgar og hefur undirbúningur staðið yfir frá Degi íslenskrar tungu 16. nóvember sl.

Á heimasíðu Árborgar segir að allir nemendur 7. bekkja grunnskóla sveitarfélagsins hafi fengið þjálfun í vönduðum upplestri á undirbúningstímabilinu. Undankeppni var haldin

í hverjum skóla og sigurvegarar hvers skóla tóku svo þátt í loka-keppninni. Keppendur að þessu sinni voru 11 talsins.

Keppnin fór þannig fram að keppendur lásu samtals þrisvar sinnum. Í fyrstu umferð var lesið textabrot úr bókinni Draumur eftir Hjalta Halldórs-son, næst voru lesin ljóð eftir fyrirfram ákveðna höfunda og í þriðju umferð lásu nemendur ljóð að eigin vali.

Dómnefndina skipuðu Anna Linda Sigurðardóttir, Hildur Bjargmundsdóttir, Hrund Harð-

ardóttir, Ragnheiður Ragnars-dóttir og Sigríður Pálsdóttir. Formaður dómnefndar hafði á orði að nefndinni hefði verið mikill vandi á höndum þar sem keppendur voru mjög vel undir-búnir og stóðu sig allir með miklum sóma.

Sigurvegari keppninnar í ár var Arnar Bent Brynjarsson úr Vallaskóla, í öðru sæti var Elísabet Kristel Þorsteinsdóttir úr Vallaskóla og í þriðja sæti var Árný Ingvarsdóttir einnig úr Vallaskóla.

Ingunn Jónsdóttir nýr framkvæmdastjóri SASS

Stjórn samtaka sunnlenskra Sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum þann 19. mars sl. að ráða Ingunni Jónsdóttur sem nýjan framkvæmdastjóra SASS. Ráðningarfærlið var leitt af fyrirtækinu Intellecta og var Ingunn metin hæfust

til að gegna starfinu af 31 um-sækjanda.

Ingunn er í dag starfandi framkvæmdastjóri Háskóla-félags Suðurlands og mun hefja störf hjá SASS á næstu misserum.



Vegagerðin kaupir Gömlu Þingborg

Vegagerðin hefur fest kaup á Gömlu Þingborg, sem stendur við Hringveg (1) í Flóahreppi. Kaupverðið er 72,5 milljónir.

Ástæða kaupanna er sú að húsið stendur innan veghelg-unarsvæðis núverandi Hring-vegar og í væntanlegu fram-tíðarvegstæði Hringvegar (1). Framkvæmd er fyrirhuguð við breikkun Hringvegar frá Selfossi að Markarfljóti í nokkrum áföngum.

Verkefnið er áætlað á öðru og þriðja tímabili ósamþykkt-

rar samgönguáætlunar 2029-2038. Sem liður í þeim áætl-unum var ákveðið að kaupa Þingborg þegar ljóst var að sveitarfélagið Flóahreppur hafði ákveðið að setja húsið á sölu.

Vinna við undirbúning fyrsta hluta framkvæmdar-innar er hafin hjá Vegagerð-inni. Á næstu árum mun húsið þurfa að víkja fyrir umbótum á samgöngumannvirkjum sem bæta þannig samgöngur og umferðaröryggi á þessu svæði.



Fáðu fagmann í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegí 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

Árvirkinn



Hálfbróðir minn

Sigurgeir Hilmar Friðþjófsen
fyrirum Skólastjóri

Lést að Ási í Hveragerði laugardaginn 29. mars

Heiðar Jónsson og fjölskylda

HUGLIND SÁLFRÆÐISTOFA SELFOSSI

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur hefur opnað sálfræðistofu í Fjölheimum á Selfossi. Sálfræðimeðferð, ráðgjöf, bjargráð og handleiðsla fyrir fullorðna.

Fagleg hjálp varðandi sálrænan heilsuvanda svo sem kvíða, depurð, þunglyndi, áföll, álag, missi og sorg.

Sálfræðileg ráðgjöf og handleiðsla í kerfjandi stöðu, á vinnustað, í fjölskyldu eða við aðrar aðstæður.

Hjálp í gegnum breytingar og erfið lífstímabil, lausnir og bjargráð í samskiptum. Uppbygging, endurhæfing og leiðsögn til að ná betri heilsu og líðan eftir heilsubrest, höfnun, veikindi, skilnað, atvinnumissi og aðra lífsins storma. Sjálfstærð, ákvarðanir, lífsstíll og stefnumótun í eigin lífi.



Kristín Linda

www.huglind.is
kristinlinda@huglind.is

KRISTÍN LINDA – HUGLIND – FJÖLHEIMUM SELFOSSI

Skítamórall heldur 35 ára afmælistónleika

Hljómsveitin Skítamórall fagnar því að um þessar mundir að 35 ár eru frá því að sveitin kom fyrst fram en það var árið 1990. Sveitin var stofnuð á Selfossi af fjórum æskufélögum, þeim Hebba, Hanna, Gunna og Adda árinu áður eða 1989. Eftir mikla vinnu og ferðalög um landið með stærri sveitum sprakk svo sveitin út árið 1997 og frá árinu 1998 hefur hún verið ein sú vinsælasta á Íslandi. Það er engum blöðum um það að fletta að þegar tímabilið í kringum aldamótin er gert upp í tónlistarlegu samhengi þá voru þeir kóngar í ríki sínu. Nafn sveitarinnar er samofið Buffaló-skóm, tribal-húðflúri, sveittum samkomuhúsum og Séð og heyrð. Hljómsveitin fagnar þessum tímamótum með afmælistónleikum í Háskólabíói 11. apríl.

Eldhúspartý og „bestir á balli“

Undirbúningur fyrir afmælistónleikana hefur staðið yfir frá því um áramót. Tónleikarnir verða settir þannig upp að fyrri hluti þeirra verður órafmagnaður, í svokallaðri eldhúspartýuppsetningu en hljómsveitin var ein þeirra sem ruddi braut órafmagnaðra viðburða í þá veru um aldamótin. Hélt meðal annars fyrsta Eldhúspartý FM957 á hinum goðsagnakennda veitingastað Ástró árið 1998. Eftir hlé verður svo Háskólabíói nánast breytt í Njálshúð og allt sett í botn. Hljómsveitin hlaut titilinn bestir á balli ár eftir ár á Hlustendaverðlaunum FM957. Líklega hefur skipuleggjendum verðlaunanna þótt nóg um, enda hefur verðlaunaflokkurinn verið felldur niður.

Lagið Sælan í nýjum búning

Hljómsveitin sendi frá sér nýtt lag á dögunum. Lagið heitir Sælan og er þekkt stef úr sögu sveitarinnar og er komið á út á allar streymisveitur. Lagið og textinn eru eftir forsöngvarann og gítarleikarann Gunnar Ólason sem samdi lagið aðeins 19 ára gamall þegar hljómsveitin var að slíta barnsskónum á



Ljósmynd: Gassi

Selfossi. Upptökum á nýju útgáfunni stjórnuðu Hákon Guðni Hjartarson, Halldór Gunnar Pálsson og Einar Bárðarson. Sælan er þó ekki glænýtt lag, því það kom fyrst út árið 1995 á fyrstu plötu Skítamóral, sem hét Súper. Þeir sem gera sér ferð inn á hlaðvarpsveitur og hlusta á þessa fyrstu upptöku af laginu heyra að á þessu lagi verður í raun til Skítamóralshljómurinn. Það var þó ekki augljóst þá en mörg vinsælustu lög hljómsveitarinnar næstu ár og áratugi bera með sér ákveðin höfuðeinkenni Sælunnar frá 1995.

Þrjátíu ára saga í þremur málsgreinum

Skítamórall er íslensk hljómsveit sem var stofnuð árið 1989 af þeim Gunnari Ólasyni söngvara og gítarleikara, Herberti Viðarsyni bassaleikara, Jóhanni Bachmanni Ólafssyni trommara og Arngrími Fannari Haraldssyni gítarleikara. Þeir eru allir fæddir árið 1976 og koma frá Selfossi. Það var hálfbróðir Arngríms, Einar Bárðarson, sem lagði til að nafnið Skítamórall yrði notað. Hljómsveitin gaf út sinn fyrsta geisladisk, Súper árið 1996. Tjútt fylgdi svo í kjölfarið árið 1997, Nákvæmlega árið 1998 og Skítamórall árið 1999. Sveitin náði strax nokkrum vinsældum með fyrstu tveimur diskunum sínum en geisladiskurinn Nákvæmlega náði að festa sveitina í sessi sem eina af vinsælustu sveitaballa-

hljómsveitum landsins. Einar Ágúst Víðisson bættist í hópinn árið 1997 þegar hljómsveitin spilaði á Þjóðhátíð í Eyjum sem söngvari, ásláttursleikari og gítarleikari.

Geisladiskurinn Nákvæmlega, sem innihélt m.a. lagið „Farin“ sem náði miklum vinsældum og var á toppi íslenska listans í þrjár vikur árið 1998, hlaut gullplötu. Árið 2000 var hins vegar toppur ferilsins hjá strákunum í Skítamórall en sveitin hætti í kjölfar mikillar vinnu í byrjun árs 2001. Skítamórall kom saman aftur á Hlustendaverðlaunum FM957 haustið 2002. Sumarið 2004 lék hljómsveitin víða um land en síðsumars skildi Einar Ágúst við hljómsveitina. Árið 2005 gaf hljómsveitin út sína fimmtu hljómplötu sem hlaut nafnið Má ég sjá og gerði hljómsveitin myndbönd við nokkur lög af plötunni sem leikstýrð voru af Hannei síðar landsliðsmarkverði í fótbolta.

Í byrjun árs 2009 gekk gítarleikarinn Gunnar Þór Jónsson til liðs við hljómsveitina sem síðar sama ár hélt upp á 20 ára afmæli með tónleikum á Rúbín við Öskjuhlíð. Í kjölfarið var gefinn út tónleikadiskurinn Ennþá en á disknum fylgdi einnig DVD með öllum myndböndum hljómsveitarinnar. Einar Ágúst gekk aftur til liðs við hljómsveitina árið 2014 en hefur á ný sagt skilið við sveitina.

Ljósmyndir að neðan: Mummi Lú



LAUGALANDSSKÓLI HOLTUM

Laugalandsskóli í Holtum auglýsir eftir kennurum fyrir skólaárið 2025 – 2026.

Faggreinakennari í tónmennt, dónsku og stærðfræði

Umsjónarkennari

Þroskajálfi

Við leitum að fólki sem er skapandi í starfi og hefur áhuga á að þróa, í samvinnu við starfsfólk, framsæknið og faglegt starf með áherslu á fjölbreyttar námsnálganir.

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl og skal senda umsóknir ásamt starfsferilsskrá í tölvupósti á netfang skólastjóra.

JONAS@LAUGALAND.IS
Jónas Bergmann Magnússon
skólastjóri
869-9010

NÝR OUTLANDER PHEV



Frumskýndur dagana 31. mars - 5. apríl



Það er ekki að ástæðulausu að Mitsubishi Outlander hefur verið einn allra vinsælasti bíll okkar Íslendinga enda hefur hann margsannað sig við íslenskar aðstæður. Nýr Outlander býður upp á allt að 86 km drægni á rafmagni (WLTP), hagkvæma bensínvél, fjórhjóladrif og 8 ára ábyrgð* sem veitir aukið öryggi og hugarró.

Komdu og reynsluaktu hjá Bílasölu Selfoss.

Verð frá: 8.690.000 kr.

*Nánari upplýsingar um skilmála á heimasíðu Heklu



Hrísmýri 3 • 800 Selfoss • Sími 480 4000 • bilasalaselfoss.is



HÚSASMIÐJAN

HELLUDAGAR Á SELFOSSI

Föstudag og laugardag 4. og 5. apríl

Húsasmiðjan og Steypustöðin bjóða nú saman hellur til sölu í Húsasmiðjunni á Selfossi. Föstudaginn og laugardaginn 4. og 5. apríl verður **Landslagsarkitekt Steypustöðvarinnar á staðnum** og veitir ráðgjöf og söluráðgjafar Húsasmiðjunnar gefa gott verð í hellur.



STEYPUSTÖÐIN

**LANDSLAGS-
ARKITEKT**

Landslagsarkitekt
Steypustöðvarinnar verður
á staðnum veitir ráðgjöf

Af leikskólakennslu, endurvinnslu og fleiru

Það er kannski hálfvandráða-legt að fagna því hvað síðustu vikur hafi verið snjóléttar á Suðurlandi og manni líði á köflum eins og vorið sé að koma. Ekki vegna þess að veðrið sé eitthvað betra heldur þarf sveitarfélagið ekki borga eins mikið í snjómokstur. Útgjöld sem við erum ekki almennt að velta fyrir okkur ef önnur þjónusta er í lagi, svo sem leikskólar, að sundlaugin sé opin og að sorpið sé tekið reglulega.

Auknar tekjur og betri rekstur lækka álögur

Umhverfisnefnd Árborgar kynnti nýlega nýja skýrslu um söfnun úrgangs árið 2024 sem sýndi verulega jákvæða þróun fyrir okkur íbúa. Flokkun á úrgangi frá heimilum jókst um 12 prósent milli ára sem eru frábærar fréttir en flokkunarkerfið hefur tekið talsverðum breytingum á undanförunum tveimur árum. Í heildina voru tekin 2.200 tonn frá heimilum árið 2024 og 62 tonn af grenndarstöðvum þar sem við flokkum málma, gler og textíl.

Þessi árangur okkar íbúa við flokkun er að skila árangri og hann sést best á greiðslum frá Úrvinnslusjóði. Á milli ára hafa þær aukist um tæplega 20 milljónir. Árið 2023 fékk sveitarfélagið greitt um 37,5 milljónir en árið 2024 um 56,5 milljónir. Slíkur árangur skilar sér í lægri gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs líkt og kom fram í fjárhagsáætlun 2025. Þar kom m.a. fram að gjöld fyrir tvískipta spartunnu lækkuðu og flétt önnur stóðu í stað milli ára. Það er stefnan að halda áfram að bæta reksturinn á þessu sviði til að halda gjöldum í lágmarki.

Nýtt fyrirkomulag á leikskólum gengið vel

Árið 2024 hófst tilraunaverkefni í leikskólum Árborgar sem var ætlað að gefa foreldrum aukinn sveigjanleika við skráningu vistunartíma og þannig lækka gjöld, ásamt því að bæta starfsumhverfi leikskólakennara. Verkefnið hefur gengið með ágætum og sýna niðurstöður könnunar að bæði foreldrar og

Bragi Bjarnason
Bæjarstjóri og
oddviti sjálfstæðis-
flokksins í Árborg



starfsmenn eru almennt ánægðir með breytingarnar líkt og sjá má á myndum 1 og 2.

Það er mikilvægt að aðlagastarfið og umgjörðina að breytingum samfélagsins. Bæjarstjórn hefur því staðfest tillögur fræðslu- og frístundanevndar að skráningardagur haldist í dymbilviku, vetrar- og starfsdögum, lokað sé milli jóla og nýárs og skráning sé eftir kl. 14:00 á föstudögum. Þorláksmessa mun síðan bætast við skráningardaga á næsta leikskólaári.

Samhliða þessari breytingu er stefnt að áframhaldi viðbótar-niðurgreiðslna til foreldra barna sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Þar er um að ræða áframhald niðurgreiðslu fyrir börn yngri en 18 mánaða og síðan viðbótargreiðslu fyrir börn 18 mánaða og eldri sem hafa gilda umsókn um leikskólapláss. Foreldrar barna 18 mánaða og eldri greiða því sambærilegt verð hjá dagforeldri og fyrir almennt leikskólapláss hjá sveitarfélaginu. Þjónusta dagforeldra er mikilvægur hlekkur í heildarþjónustu við börn og foreldra í samfélaginu og vill Sveitarfélagið Árborg styðja við þessa öflugu starfsemi.

Menningin blómstrar

Af nógu er að taka í menningunni. Leikfélag Selfoss hefur verið að sýna leikritið „Átta konur“ og eru lokasýningar 4. og 5. apríl nk. Leikfélag Eyrarbakka frumsýnir síðan verkið „Stöndum saman“ 10. apríl nk. á Rauða húsinu, Eyrarbakka. Hér-aðsskjalasafn Árnesinga býður upp á námskeið í grúski dagana 7. og 8. apríl í húsnæði Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka og bæjar- og menningarhátíðin Vor í Árborg verður haldin dagana 25. - 27. apríl. Þetta ásamt viðburðum á bókasafninu, Sviðinu og fleiri stöðum sýnir að það er af nægu að taka í sveitarfélaginu okkar á næstu vikum í aðdraganda páskahátíðar. Hafið það sem allra best og gleymum ekki heldur að njóta dagsins í dag.



Sunnlenski matgæðingurinn



Tailensk fiskisúpa

Þóra Bjarnadóttir er matgæðingur vikunar.

Ég þakka Snjólaugu vinkonu minni fyrir klukkíð og læt mitt ekki eftir liggja. Ég deili hér uppskrift af dásamlega bragðgóðri fiskisúpu sem er frábær á köldum vorkvöldum þegar manni vantar að hlýja sér inn að hjartarótum.

Tailensk fiskisúpa fyrir 4

Kryddmalk – blandið saman:

- 2 msk. rifinn ferskur engifer
- 2 tsk. rautt curry paste
- Smá kjúklingakraftur
- 3 msk. fiskisósa
- 1 msk. púðursykur
- 2 msk. lime safi

Skerið niður:

- 1x rauð paprika
- ½ púrrulaukur
- 3x hvítlauksrif

Takið til:

- 2 stórar dósir kókosmjólk
- 500 ml vatn
- Rækjur

Ég skora á hann Jóhann Valdimarsson þar sem ég þykist vita að hann sé nokkuð lunkinn í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Hvítur fiskur skorinn í litla bita

Kóríander – skorinn smátt

Salt eftir smekk

Steikið grænmetið í olíu í potti þangað til það er orðið mjúkt. Blandið kryddmalkinu saman við og steikið í örfáar mínútur í viðbót. Bætið við kókosmjólk og vatni og látið malla. Að lokum bætið við fiskmetinu og sjóðið til viðbótar í u.þ.b. 10 mínútur. Bætið kóríander við að lokum og saltið eftir smekk.

Fjölmenni á fundi forsætisráðherra á Eyrarbakka

Gríðarlegt fjölmenni var á fundi Krístrúnar Frostadóttur, forsætisráðherra og formanns Samfylkingarinnar, sem boðaði til opins fundar í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka síðastliðinn þriðjudaginn 25. mars.

Þingmenn Samfylkingarinnar

innar í Suðurkjördæmi, Víðir Reynisson og Ása Berglind Hjálmaradóttir, voru einnig á fundinum - og tóku ásamt forsætisráðherra opið samtal við Sunnlendinga, beint og milli-liðalaust og fjölmargir tóku til máls.





DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.

Blámaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



SVANSMERKIÐ
Prentgættur
1041 0850

Gáta vikunnar

Út á sjónum unír sér,
einn í burt er fóðrar.
Syndabelgur sagður er,
sölumaður gerir hér.

Svar við gátu í blaði 2795: **KÓR**

2. S-kór

3. Karlakór



Visnagátur-höf:
Páll Jónasson
Útg. Bókauktgáfan HÓLAR

Ertu klár fyrir 3 daga?

Rauði krossinn á Íslandi hefur hrint af stað áttakinu 3dagar.is til að hvetja landsmenn til að vera undirbúnir ef neyðarástand skapast. Neyðarástand getur skapast af ýmsum ástæðum og oft með stuttum eða engum fyrirvara. „Við slíkar aðstæður er mikilvægt að hvert og eitt okkar geti bjargað sér í einhverja daga án utanaðkomandi hjálpar,“ segir Aðalheiður Jónsdóttir, teymisstjóri neyðarvarna hjá Rauða krossinum.

Markmiðið með þriggja daga verkefninu er að landsmenn búi sig undir að vera án rafmagns og vatns í að minnsta kosti þrjá daga og verði sömuleiðis viðbúnir því að vera án net- og símasambands.

„Að geta bjargað okkur í

einhverja daga auðveldar ekki aðeins okkur sjálfum að takast á við erfiða stöðu heldur léttir álagið á viðbragðsaðilum sem geta þá sinnt þeim sem eru verr staddir,“ segir Aðalheiður. „Góður undirbúningur skapar seiglu á hættustundu og getur jafnvel bjargað mannlífum.“

Heimilisáætlun og viðlagakassi

En hvernig eflum við okkar eigin viðnámsþrótt við hamförum og neyðarástandi?

Öll heimili ættu að vera með heimilisáætlun og viðlagakassa tilbúinn.

Viðlagakassinn er hugsaður fyrir helstu nauðsynjar sem fólk þarf til að komast af á heimili sínu í að minnsta kosti þrjá daga verði til dæmis bæði vatns- og

- rafmagnslaust.
- Gátlista er að finna á 3dagar.is. Eftirtalda hluti er gott að setja í kassann:
- Útvarp
 - Rafhlöður
 - Kerti
 - Eldspýtur/kveikjara
 - Prímus eða gasgrill
 - Vasaljós
 - Viðgerðarlímband
 - Fjölnota verkfæri
 - Lista yfir mikilvæg símanúmer
 - Skyndihjálpartösku



Þá er mikilvægt að tengjast fólki í nærumhverfinu því í neyðarástandi er fyrsta utanaðkomandi hjálpin sem fæst líklegast frá nágrönnum.

Hugaðu að andlegu hliðinni

Þekkt er að neyðarástand getur verið mjög streituvaldandi. Hvetur Rauði krossinn því landsmenn til að undirbúa sig andlega fyrir atburði sem gætu valdið þeim streitu og ótta.

- Vertu klár á því hver viðbrögð þín gætu orðið undir slíku álagi. Hvernig tekstu á við óvænt atvik, álag, streitu og ótta?
- Hugsaðu um hvernig þú tekst almennt á við aukið álag, streitu og ótta. Þekkirðu leiðir og aðferðir við að takast á við streitu og ótta og ná jafnvægi?

„Til að lágmarka streitu og halda ró er mikilvægt að vera andlega undirbúin og þekkja eigin viðbrögð,“ segir Aðalheiður. „Með því að vera meðvituð um þau verkfæri sem við höfum til að takast á við streitu tökum við réttari og yfirvegaðri ákvarðanir ef hætta steðjar að.“



www.Þá þarf matur og vatn fyrir alla fjölskylduna til þriggja daga að vera tiltækt á heimilinu. Ekki má gleyma gæludýrunum.

Það er aldrei að vita hvenær þörf á að grípa til viðlagakassans skapast og því hvetur Rauði krossinn landsmenn til að útbúa hann strax.

Ef til rýminga kemur

Einnig þarf fólk að vera undirbúið því að þurfa að rýma heimili sín. Aðskilnaður fólks er einn mesti streituvaldurinn í neyðarástandi. Komi til rýminga er því mikilvægt að fólk á sama heimili sé búið að ákveða söfnunarsvæði til að koma saman á. Gott er að ákveða einn stað fyrir utan húsið, annan utan hverfis og á þeim þriðja þarf að vera hægt að gista.

ENGJALAND 4

OPIÐ HÚS

Laugardaginn 5. apríl frá kl. 13 til 14.



Nýjar íbúðir fyrir 55 ára og eldri
Vandaður frágangur - Svalalokun - Bílakjallari
Verð frá 71,4 milljónir



Steini s. 894 2045
Siggi s. 866 6716
Þórir s. 865 9774
www.arborgir.is

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulags/breytingar.

Eyravegur 40 - Deiliskipulag - 2307062

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 26.3.2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðir á lóðinni Eyravegur 40 á Selfossi. Lóðin er 2605 m² að stærð og er skilgreind í aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem Miðsvæði M6. Gert er ráð fyrir 3, 4 og 5 hæða stölluðu fjölbýlishúsi á lóð með íbúðum á öllum hæðum ofanjarðar. Heimild er fyrir kjallara t.d. fyrir bílastæði, geymslur eða önnur stoðrymi. Samtals er gert ráð fyrir allt að 34 íbúðum á lóðinni.

Votmúli 1 L166214 - Múli 1-8, Deiliskipulagsbreyting-2501359

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 26.3.2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Votmúla 1 (Múli 1 og 2). Breytingin gerir ráð fyrir að fjölga lóðum úr tveimur í sex lóðir, og stækkar þar með skipulagssvæðið úr 20 ha yfir í 41,2 ha. Á lóðunum Múli 1-8 verður heimilt að vera með íbúðarhúsnæði og hesthús ásamt starfsemi sem tengist hrossarækt. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum innan hversrar lóðar. B1 byggingarreitur fyrir íbúðarhús og byggingar tengdum íbúum s.s. íbúðarhús, gesthús, gróðurhús og stakstæðum bílskúr. B2 byggingarreitur er áætlaður byggingum tengdum hrossarækt eða landbúnaði skv. 4.71. gr. í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Lóðirnar hafa aðkomu í gegnum afleggjara við Votmúla sem tengist Votmúlavegi nr. 310.

Deiliskipulag hesthúsasvæðis - Hestamannafélagið Sleipnir - 2301178

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 26.3.2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir hesthúsahverfið á Selfossi. Deiliskipulagið nær til alls hesthúsahverfisins, sem er núverandi keppnis- og hesthúsasvæði og stækkaðs hesthúsasvæðis, samtals um 27 ha. Deiliskipulagsmörkin ná einnig yfir hluta af opnu svæði milli Langholts og hesthúsahverfis vegna fyrirhugaðs reiðstígs. Settir eru fram skilmálar um mögulega endurbyggingu eldri húsa. Á keppnissvæði er byggingarmagn aukið umtalsvert, bæði fyrir fipo-keppnishöll en einnig fyrir minni hús til þjálfunar og fyrir áhorfendastúkur. Eldri skipulagsáætlanir fyrir svæðið falla úr gildi með gildistöku þessa deiliskipulags.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is. Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 3. apríl 2025, til og með 20. maí 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangi@arborg.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 20. maí 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Vantar herslumuninn á að Skálholtsdómkirkja eignist sinn eigin flygil

Jón Bjarnason organisti í Skálholtsdómkirkju hefur unnið að því ótullega undanfarin ár að safna fyrir flygli í kirkjuna. Dágóður sjóður fékkst frá Kirkjubyggingarsjóði frá Laugarvatni sem lagði grunninn að söfnuninni. Undanfarið ár hafa verið haldnir fjölmargir tónleikar í Skálholtsdómkirkju þar sem gestir hafa lagt fram frjáls framlög í sjóðinn. Ríkisstjórn Íslands veitti 4 milljónir í sjóðinn í lok árs, en einnig hafa einstaklingar gefið minni og stærri fjárhæðir, m.a. 1 milljón í minningu Helgu Ingólfsdóttur sem stofnaði Sumartónleika í Skálholti. Um helgina buðu Karlaóórinn Fóstbræður og Karlaóór Selfoss upp á magnaða tónleika í kirkjunni þar sem safnaðist hátt í 200.000 kr.

„Það hefur aldrei í sögunni verið til flygill í Skálholtsdómkirkju“, segir Jón Bjarnason, tónlistarstjóri Skálholts. „Það er gríðarlega öflugt tónlistarlíf í Skálholti og er hlómurinn þar algjörlega magnaður. Á hverju ári eru haldnir fjölmargir tónleikar og er Skálholt einn eftirsóttasti staður á Íslandi fyrir kórtónleika. Reglulega eru þar tónleikar með innlendum og erlendum kórum. Oft er píanóundirleikur nauðsynlegur með kórtónlist og er mjög mikilvægt að Skálholtsdómkirkja geti boðið upp á slíkt hljóðfæri í hæsta gæðaflokki þegar á þarf að halda. Flygill kemur sér einnig frábærlega í helgihaldi staðarins með sálmasöng og er oft mjög góður með píanóundirleik.“

„Það virðist örlagakennt að

einmitt þegar Kópavogsbær ákveður að selja annan flygil Salarins til þess að fjármagna kaup á nýjum Steinway-flygli sé Skálholtsstaður að leggja lokahönd á að safna fyrir einmitt slíku hljóðfæri. Safnast hefur dágóð upphæð í flygilsjóð Skálholts sem byrjaði með stóru og veglegu framlagi frá Kirkjubyggingarsjóði frá Laugarvatni. Síðan hafa verið nokkrir tónleikar og hafa ýmsir lagt fram rausnarleg fjárfraðslög í þetta góða málefni. Fráfarandi ríkisstjórn styrkti sjóðinn um fjórar milljónir króna í desember síðastliðnum. Aðeins vantar rúmar þrjár milljónir til að geta fjármagnað flygilkaupin að fullu. Því var ákveðið í samvinnu við Salinn að halda söfnunartónleika og við erum þess fullviss að þessir tónleikar munu skila okkur inn því sem upp á vantar.“

Á þessum tónleikum kemur

fram tónlistarstjóri og organisti Skálholts, Jón Bjarnason, ásamt Skálholtakórnum, félögum úr Karlaóór Selfoss auk þess sem fram koma einsöngvarar og hljóðfæraleikarar sem starfað hafa með Skálholti til fjölda ára.

Á efnisskránni verða leikin verk á píanóið sem spanna sögu tónbókmenntanna frá J. S. Bach, Beethoven, Chopin, Lizst og allt til okkar ástsælu Páls Ísólfs-sonar og Sigvalda Kaldalóns.

„Við vonum að allir velunnarar Skálholts sjái sér fært að koma og styrkja okkur að koma þessu glæsilega hljóðfæri til okkar.“ segir Jón vongóður.

Söfnunartónleikarnir verða haldnir laugardaginn 5. apríl kl. 18:00. Miðaverð er 3900 kr. og hægt er að kaupa miða á [tix.is](https://tix.is/event/19308/fra-salnum-i-skalholt-sofnunartoneikar) <https://tix.is/event/19308/fra-salnum-i-skalholt-sofnunartoneikar>



MÍMIR NEMENDAFÉLAG
MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
ELENA R. MARQUEZ GUNNLAUGSDÓTTIR
OG ARNBJÖRG YR SIGURDARDÓTTIR

MÍMISBRUNNUR GEFINN ÚT Í FYRSTA SINN SÍÐAN 2017

SÆLIR KÆRU SUNNLENDINGAR.

Mímisbrunnur er heiti skólablaðs nemendafélagsins Mímis í Menntaskólanum að Laugarvatni og sér ritnefndarformaður ásamt fjögurra manna ritnefnd um að hanna og skrifa blaðið. Mímisbrunnur var síðast gefinn út árið 2017 en þegar Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir var kjörin ritnefndarformaður Mímis 2024-2025 ákvað hún að taka þessa hefð upp á ný og skrifa Mímisbrunn. Sæbjörg er því ritstjóri blaðsins en í ritnefndinni eru Arnfríður Mára Þráinsdóttir, Elena R. Marquez Gunnlaugsdóttir, Hjördís Katla Jónasdóttir og Hrafninn Jónsdóttir. Hafist var handa við að vinna að blaðinu í byrjun skólaárs og fram til útgáfudags. Í blaðinu má finna pistla um viðburði skólans, viðtöl við nemendur og kennara, ljóð eftir nemendur og alls kyns fleira skemmtilegt. Þar sem blaðið hafði ekki verið gefið út í 8 ár var því svo sannarlega fagnað og var haldið útgáfuhófi fimmtudaginn 27. mars sl. í skólanum þar sem nemendur komu saman til þess að fá sitt eintak, lesa, hlæja og skoða saman. Ritnefndin er afar stolt af útgáfu blaðsins.

Elena R. Marquez Gunnlaugsdóttir,
ritnefndarformaður nemendafélagsins Mímis.



Fólk frá átta löndum lásu ljóð á sínu tungumáli

Þann 20. Mars sl. kom fólk frá átta þjóðlöndum saman í Listasafni Árnesinga í Hveragerði og las ljóð á sínum tungumálum.

Tilfnið var alþjóðadagur ljóðsins og hafa Bókabæirnir austan fjalls ávallt leitast við að gera þeim degi skil á einhvern hátt allt frá stofnun félagsskaparins.

Alþjóðadagur ljóðsins er reyndar 21. mars en í ár var viðburðurinn í samstarfi við Listasafn Árnesinga sem er með lengri opnunartíma og ýmiss konar viðburði á fimmtudögum.

Lesarar völdu ljóðin sjálfir og lásu á sínum tungumálum en

söguðu frá höfundi þeirra og útskýrðu tilurð og innhaldi ýmist á ensku eða íslensku. Augljóst var að mikill metnaður var lagður í flutning og framsetningu ljóðanna sem svo sannarlega hreyfðu við áheyrendum.

Tvö tónlistaratriði skreyttu viðburðinn og safnið bauð upp á sérstakt tilboð á veitingum og völdum vörum úr safnabúð. Bókaútgáfan Sæmundur gaf flytjendum bæði ljóða- og tónlistarbókagjöf.

Ljóð fjalla oftast en ekki um átök, innri átök eins og tilfinningar, sjálfsleit og togstreitu og ytri átök eins og pólitík, stríð og óréttlæti. Vitaskuld eru líka

til ljóð sem fjalla um gleði, fegurð og kærleika, því má ekki gleyma. En eins og heimurinn er í dag, átök og óréttlæti beinlínis við bæjardýrnar er ekki svo lítills virði að geta átt stund sem þessa með fólki frá mörgum löndum og á öruggum stað og sameinast við eitthvað sem sameinar okkur.



Reitir reisa hraðhleðslustöðvar í Hveragerði

Í Hveragerði er nú auðveldara en nokkru sinni fyrr að hlaða rafbíla á öruggan og hraðan máta eftir að Reitir settu upp hraðhleðslustöðvar í bænum. Nýjar hraðhleðslustöðvar eru liður í stefnu Reita að bjóða fjölbreyttar þjónustulausnir og taka virkan þátt í uppbyggingu í þágu samfélagsins.

Hraðhleðslustöðvarnar eru staðsettar við Sunnumörk 1 í Hveragerði, þar sem Bónus og fleiri verslanir standa, en reitir á húsnaðið. Hleðsluafköst stöðvanna er 240 kW með fjórum CCS tengjum og hver stöð getur þannig hlaðið allt að fjóra bíla samtímis. Auk hraðhleðslustöðvanna voru einnig settar upp átta venjulegar 22 kW hleðslustöðvar. Allar hleðslustöðvarnar eru aðgengilegar almenningi gegn gjaldi.

„Hveragerðisbær er á mikilli siglingu og hér er áberandi gæðauppbýgging í byggða- og þjónustumálum. Hraðhleðslugarður er mikilvæg þjónusta við rafbílaeigendur og eykur enn á innviðastyrk samfélagsins. Við erum því afar ánægð með þennan áfanga og óskum Reitum til hamingju með framkvæmdina, sem fellur vel inn í lífsgæðahreiðrið hér í Hveragerði,“ segir Pétur G. Markan, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

Grænir innviðir í alfaraleið Hleðslustöðvar á vegum Reita er liður í vaxandi framboði þjónustulausna félagsins. Reitir setja upp hleðslustöðvar í eða við fasteignir félagsins sem eru víða á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Með þessu koma Reitir til móts við eftirspurn leigutaka um slíka innviði en félagið mun einnig setja upp hleðslustöðvar á fjölförnum stöðum í alfaraleið og taka þannig þátt í uppbyggingu í þágu samfélagsins, og auðvelda fleirum að ferðast með rafbílum um land allt.

„Reitir leggja ríka áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu, og nýlega höfum við lagt kraft í að auka þjónustuframboð sem gagnast bæði leigutökum og samfélaginu. Með hraðhleðslustöðvum mætum við aukinni þörf fyrir rafhleðsluinnviði á fjölförnum leiðum um landsbyggðina og styðjum við umhverfisvænni samgöngur. Staðsetning stöðvanna í Hveragerði er einstaklega hentug fyrir bæði íbúa og þau sem eiga ferð um en stöðvarnar eru í nánd við ýmsa þjónustu og verslun í bænum,“ segir Guðni Aðalsteinsson, forstjóri Reita.



Pétur G. Markan, bæjarstjóri og Guðni Aðalsteinsson, forstjóri Reita.



Fundaröð atvinnuvegaráðherra og Bændasamtaka Íslands

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra mun ásamt Bændasamtökum Íslands halda fundaröð á landsbyggðinni **7-9. apríl**. Tilgangurinn er að bjóða bændum til samtals um áskoranir og lausnir í landbúnaði.

Fundirnir verða haldnir á eftirfarandi tímum og fundarstöðum:

7. apríl
kl. 10.00 - Félagsheimilinu Félagslundi, Flóahreppi
kl. 20.00 - Félagsheimilinu Holti á Mýrum

8. apríl
kl. 12.00 - Barnaskólanum á Eiðum
kl. 20.00 - Félagsheimilinu Breiðamýri á Þingeyjarsveit

9. apríl
kl. 10.00 - Félagsheimilinu Hlíðarbæ, Akureyri
kl. 14.30 - Félagsheimilinu Blönduósi
kl. 20.00 - Hótel Hamar, Borgarnesi

Fundur í Reykjavík og á Vestfjörðum verða auglýstir síðar.

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvegaráðuneytið

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Bingó Bingó

Kvenfélagið á Eyrarbakka heldur bingó fimmtudaginn 3. Apríl kl 19,30 að Stað á Eyrarbakka. Húsið opnar kl 19,00 Veglegir vinningar.

Bingó nefndin

TRUKKVERK EHF

jarðvinnuverktaki síðan 2016
púðar undir hús - lagnavinna - efnissala
bílaþlön - tækjaflutningar
vegagerð ofl.



Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags hefur sent frá sér tillögu að lista samkvæmt lögum sem samþykkt voru á aðalfundi 2017. Nefndin leggur fram tillögu að lista til stjórnar og nefnda Bárunnar, stéttarfélags á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 14. maí 2025.

Listi uppstillingarnefndar liggur frammi til kynningar hjá Bárunni, stéttarfélagi Austurvegi 56, Selfossi og á heimasíðu félagsins www.baran.is frá og með 27.03 2025.

Frestur til að bjóða sig fram og/eða bera fram aðrar tillögur til uppstillingarnefndar er til og með 30. apríl 2025 og skilist á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56 Selfossi eða á baran@baran.is

Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags.

Líf og fjör og fár í Flóa

Híð árlega Flóafár FSu fór fram föstudaginn 21. mars sl. í kjölfar tveggja Kátra daga með tilheyrandi uppbroti á skólastarfi og hefðbundinni stundaskrá nemenda. Flóafárið er í megindrættum liðakeppni nemenda sem stendur yfir frá morgni fram yfir hádegi með tilheyrandi fjöri og gleði. Þeir sem ekki hafa upplifað Flóafárið gætu átt erfitt með að gera sér í hugarlund hversu umfangsmikið og margþætt verkefnið er í raun og veru. Nemendur leggja á sig ómælda vinnu í aðdragandanum og sýna fram á einstaka hæfni, samvinnu og liðsheild, gula skólanum til söma.

Flóafársnefnd hefur yfirumsjón með verkefninu. Í ár var hún skipuð kennurunum Önnu Kristínu, Kristjónu Sigríði og Dóru Björk og fyrir hönd nemenda voru fulltrúar íþróttaráðs, þeir Dagur Rafn formaður, Bjarni Valur og Garðar Freyr. Nefndin auglýsti eftir liðsstjórum í janúar og 11 öflugir nemendur svöruðu kallinu. Fimm frábær lið mættu til leiks í ár, hvert með sína sérstöðu: Verksmiðja jólasveinsins, Mamma Mía, Skrifstofan 9 – 5, Brazíla og Víkingar. Þeir síðastnefndu stóðu uppi sem sigurvegarar Flóafárs með öruggu forskoti fánaberans sem þaut fyrstur í mark með liðsfánann. Liðin voru með þaulæfð skemmtiatriði, hvert öðru glæsilegra. Að lokinni verðlaunaaafhendingu tóku liðin til hendinni og gengu frá öllu sem til hafði verið tjaldað í fárinu og fengu lof fyrir einstaklega góða umgengni og þrif. Áður en við er liðið er Flóafárinu lokið og eftir standa minningar og ómetanleg reynsla.

Allt skólasamfélagið tekur höndum saman til að dagurinn geti orðið að veruleika. Fyrirkomulag þrautakeppninnar er á þá leið að starfsfólk skólans er parað saman og hvert par ákveður búning og býr til þraut sem

liðin leysa á sem skemmstum tíma. Þrautirnar voru 33 talsins að þessu sinni og hver annarri ófyrirsjáanlegri þó að yfirskriftir þeirra séu alltaf þær sömu. Má þar nefna þrautir eins og talnaþraut, skynfærin, tónlist, hrylling, bókasafn, heilabrot og aflraunir svo fátt eitt sé nefnt. Þess má geta að búningar starfsmannaparanna eru gjarnan með sterka skírskotun í viðfangsefni þrautanna. Hvert lið tilnefnir tvær tískulöggur sem hafa það hlutverk að dæma búninga starfsmanna. Það er ekki öfundsvært hlutverk því metnaðurinn er mikill í hópnum sem keppist við að hreppa viðurkenningu fyrir sturlaðasta starfsmannadressið. Að þessu sinni voru það Ingunn Helgadóttir og Katrín Rut Sigurgeirsdóttir sem hlutu viðurkenninguna en hryllingur var þeirra þema.

Liðsstjórar fá upplýsingar um heiti þrauta og staðsetningu þeirra. Í framhaldinu kortleggja þeir með sínu fólk þá leið sem er vænlegust til vinnings, einnig þarf að ákveða hvaða liðsmenn eigi að leysa þær. Kennarar hafa frjálssar hendur í þrautagerð og því ekki á vísan að róa hjá liðsstjórum þegar þeir skipuleggja keppnina, oftar en ekki er snúið út úr yfirskriftinni og þrautin snýst um eitthvað allt annað en þar stendur. Að auki keppa liðin um besta svæðið, búninga, fána,

heróp, liðsmynd, að leggja fallega á borð og besta skemmtiatriðið. Lögð er áhersla á að allir nemendur skólans tilheyrir og geti tekið þátt í fárinu á eigin forsendum. Flóafár er samvinnuverkefni sem krefst bæði skapandi sem og gagnrýnnar hugsunar. Nemendur fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr við krefjandi en skemmtilegar aðstæður. Undirbúningur fársins dreifist á nemendur skólans, mismikið eftir hlutverkum.

Andrúmsloftið í skólanum tók stakkaskiptum í aðdragandanum og gangar skólans iðuðu af atorku í öllum hléum, greinilegt að eitthvað mikið stóð til. Undirbúningurinn náði hámarki daginn fyrir fárið, að Kátum dögum loknum. Þá byrjuðu liðin að byggja upp sín þemasvæði í miðrými skólans, sem tók á sig ævintýrlega mynd. Keppnin sjálf er svo ræst snemma á föstudagsmorgni, að lokinni hópmynda-töku og marseringu liða í sal. Þegar liðið er til baka er hægt að greina ólíkar dyggðir í fari nemenda meðan á vinnunni stendur. Má þar nefna dugnað, áræðni, þrautseigju, samskiptahæfni, ábyrgð, fyrirhyggju, virðingu og umburðarlyndi.

Að margra mati: Hápunktur skólaársins!

Anna, Kristjana og Dóra.



Mikil ró og virðing einkennir íslenska skóla

Um þessar mundir eru 16 kanadískir kennaranemar frá Nova Scotia í starfsnámi í Vallaskóla, Sunnulækjaskóla, BES og FSu ásamt prófessorunum Andrew Foran og William Walters. Andrew er hérna í þriðja sinn en hann kom fyrst árið 2008 og 2015. Hann segir Ísland uppáhaldsstaðinn sinn til að koma með kennaranema þar sem kerfið sé gott hér. Bláðamaður settist niður með Andrew, William og Páli Sveinssyni, skólastjóra Vallaskóla, og ræddi muninn á íslensku og kanadísku skólakerfi.

Fagmennskan framúrskarandi
Andrew og William hafa farið saman með kennaranema í alþjóðlegar ferðir í um áratug. Andrew byrjaði sjálfur á því fyrir 23 árum. Önnur lönd sem þeir hafa farið til eru Noregur, Svíþjóð, Skotland, Ástralía og Kenýa. Norðurlöndin eru alltaf í uppáhaldi að mati Andrew. Hann segir þau vera ólík Kanada en að kerfið sé nógu svipað til að geta áttað sig á takti hlutanna. „Það sem er mikilvægt fyrir okkur er að kennarnir okkar geti komið á staðinn, farið í skólana, áttað sig á taktinum og byrjað að kenna án þess að fá menningarsjökk.“

Kennaranemarnir fá að kenna á öllum námsstigum og margar mismunandi greinar. Má þar nefna samfélagsfræði, stærðfræði, íþróttir og almenna kennslu á yngsta stigi. Páll Sveinsson, skólastjóri Vallaskóla, segir samstarf íslensku og kanadísku kennaranna ganga vel. Andrew segir að kennaranemarnir séu flestir sammála um að skólarnir hér séu rólegir, börnin þroskuð og í góðu jafnvægi

miðað við í Kanada. Hann segir kennarana líka mjög faglega. „Kennarnir eru ánægðir, samstarfsfúsir og vilja vinna saman. Fagmennskan er framúrskarandi og gæði kennslunnar hér er mjög mikil.“

Hann segir gæðakröfurnar sem gerðar séu til íslenskra kennara vera eina af ástæðunum fyrir því að honum líki vel að koma til Íslands. „Það er allt mjög faglegt. Það mikilvægasta fræðilega séð er að gæðin eru til staðar, en það eru samskiptin sem kennarnir eiga við börnin sem fyrir mér skera sig virkilega úr hérna,“ segir Andrew og tekur sem dæmi að hver kennari hér kenni gjarnan sama hópnum í þrjú ár sem verður til þess að kennarar og nemendur tengjast betur.

Andrew minnst einnig á undirbúningstímann sem íslenskir kennarar eru með. „Þegar skólageginum lýkur safnast kennarar saman í tvo tíma til að skipuleggja og samræma og vinna hugmyndir í gegn. Þetta er ósýnilega vinnan. Almennir myndi venjulega ekki vita af þessu. Íslensku kennarnir vinna mjög skynsamlega.“

Mjög einlæg virðing milli kennara og nemenda

Andrew og William hitta nemendur sína á hverjum degi á meðan þeir dvelja hérna og taka stöðuna og eru flestir á sama máli um upplifun sína.

„Það er stöðug ró. Það eru engar bjöllur, engin pressa og það er hægt að kenna án truflunar. Ég held að það sé mikilvægt. Enginn er að trufla, nemendurnir eru duglegir og einbeita sér að vinnunni sinni. Ég vitna

í einn af kennaranemum okkar: „Þetta er í fyrsta skipti sem ég gat í raun bara kennt, ég þurfti ekki að eiga við tilkynningar og bjöllur eða slæma hegðun. Ég gat bara kennt og það var svo hressandi.“ Það sem ég hef séð síðustu tvær vikur er bara ákveðið stig virðingar. Það er mjög einlæg virðing,“ segir Andrew um íslenska menntakerfið og bætir við að nokkrir kennaranemanna hafi sagt að þeir vildu ekki fara til baka heldur vera áfram á Íslandi og kenna.

Páll Sveinsson segir þessa sýn þeirra frábæra. „Þetta er það sem kennarar, foreldrar og stjórnendur hafa haft áhyggjur af síðastliðinni áratug, skortur á virðingu og slæm hegðun. Hann segir kerfið hafa breyst á síðustu árum og að í dag sé frekar lögð áhersla á velferð nemandans frekar en námsgetu. „Ef barn er hamingjusamt og því líður vel þá getum við talað um námsefnið. Þú reynir ekki að þvinga nám á barn sem á í erfiðleikum.“

Andrew segir kennarana í Nova Scotia líka vilja gera það sem sé nemandanum fyrir bestu en að það sé svo margt annað sem þurfi að huga að og það sé auðvelt að missa sjónar á því.

William segir mikið stress og hraða einkenna skólakerfið í Kanada og að það sé mun rólegra á Íslandi. „Ég heyri frá nemendum okkar að hér sé afslappað og meiri áhersla lögð á nemandann og minni á hvað þurfi að kenna. Það virðist næstum mannlegra og heildstæðara.“ Hann bætir við hvað honum finnst jákvætt að börnum á Íslandi séu kenndar verklegar greinar eins og textíll, heimilisfræði og sund. Í Kanada sé mest lögð áhersla á lestur og stærðfræði. „Okkur finnst við vera að missa af einhverju með því að hafa þetta ekki,“ segir William og vonast til þess að geta tekið þessar greinar með sér heim til Kanada.

Læra af hverjum öðrum

Páll segir íslensku og kanadísku kennarana geta lært af hverjum öðrum og Andrew tekur undir.

„Skiptin milli ykkar kennara og okkar eru rík. Ég held að við munum ganga í burtu betri og skilja kennslustofuna ykkar eftir aðeins betri. Það er vonin. Við viljum að kennarnir okkar taki það besta sem þeir lærðu og noti það svo þeir geti hjálpað til við að breyta því sem er að gerast í Nova Scotia,“ segir Andrew.

Andrew segir Ísland vera að gera frábæra hluti í menntamálum og óskar þess að allir 120 kennaranemarnir þeirra gætu komið hingað. Hann leggur samt áherslu á að það séu líka góðir

hlutir að gerast í Nova Scotia. „Stundum held ég að við þurfum að horfa út fyrir strandlínuna okkar svo við getum séð það sem er tekið sem sjálf-sögdum hlut. Við erum að gera góða hluti. Kennarar gera ótrúlega hluti á hverjum degi með takmarkaða fjármögnun og yfirfylltar kennslustofur. Samt tekst þeim að skila gæðum. Við ættum samt alltaf að vera að horfa út fyrir eigin skóla og sjá hvað er að gerast annars staðar.“

EHI



ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki gleyma ferðafélaganum



Engar tímapantanir, bara að mæta!

HVERAGERÐI

fullt starf



Almar bakari í Hveragerði óskar eftir að ráða til sín starfsfólk í fullt starf, 18 ára og eldri. Starfið felst í sér að sinna afgreiðslu, undirbúningi og þrifum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Unnið er á 2-2-3 vöktum.

Almar Bakery in Hveragerði is looking to hire full-time staff, aged 18 and over. The job includes serving, preparing, cleaning, and other incidental tasks.

The work schedule is 2-2-3

Almar bakari opnaði fyrstu bakaríið árið 2009. Við bjóðum upp á holl og góð brauð ásamt fjölbreyttu úrvali af bakkelsi og samlokum. Gæða hráefni og fagmennska er höfð í fyrirrúmi ásamt góðri þjónustu.



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

Ekki verður vöflukaffi hjá
Framsókn á laugardaginn
vegna kjördæmisþings
KSFS.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
3. apríl kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 3. apríl kl. 14:45

SOFFÍA SVEINSDÓTTIR
SKÓLAMEISTARI FSUKaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16

Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14

Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14

Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14

Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
henta ekki.Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

Vasabjófar stela frá gestum á Þingvöllum



Gengi erlendra vasabjófa hefur undanfarið farið í reglulegar ferðir á Þingvelli og aðra ferðamannastaði til að stela frá ferðamönnum sem þangað koma. Hefur slíkum tilvikum farið fjölgandi undanfarið og eru þjófarnir þrautþjáfaðir og skipulagðir í aðgerðum sínum.

Morgunblaðið greinir frá þessu.

Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður segir í samtali við Morgunblaðið að þjófnadir á Þingvöllum séu orðnir sífellt algengari. Hann segir að svo virðist sem þjófar geri sér daglega ferð þangað til að ræna

ferðamenn, áður en þeir halda á Gullfoss og Geysi til að halda glæpum sínum áfram þar.

Einar segir meðal annars frá þjófum sem staðnir voru að verki á Hakinu en komust undan. Í ljós kom þegar myndefni var skoðað að sama bifreiðin hafði mætt á svæðið fjóra eða fimm daga í röð og alltaf á sama tíma.

„Það var eins og hann væri að stimpla sig inn til vinnu,“ segir Einar.

Einar hefur eftir lögreglu að um sé að ræða skipulagða brotastarfsemi.

„Þessir hópar koma hingað til lands sem ferðamenn, ekki til þess að taka myndir heldur verðmæti,“ segir Einar.

Hann hvetur leiðsögumenn og bílstjóra sem eru í tengslum við ferðahópa til að láta þá vita af þessu ástandi.

KIRKJA

Skálholtskirkja

Tónleikar í Salnum, Kópavogi, til styrktar Flygilssjóði Skálholtskirkju, með Jóni Bjarnasyni og Skálholtskórnum, 5. apríl kl 18.

Messa og ferming sunnudaginn 6. apríl kl 11. Sóknarprestur og dómorganisti þjóna. Kirkjukaffi á eftir. Innilega velkomin!

Morgunsöngur virka daga kl 9. Foreldramorgnar í Gestastofu miðvikudaga kl 10-12.

Stóruborgarkirkja

Messa kl 14. Sr. Kristín og Jón þjóna. Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, nýr sveitarstjóri GÖGG, ávarpar söfnuðinn. Kaffisopi á eftir. Innilega velkomin í gott samfélag!

Mosfellskirkja

Síðasta föstuihugun á miðvikudögum er 9. apríl kl 19.30. Sérstakur gestur er dr. Gunnlaugur Andreas Jónsson sem ræðir við okkur um Davíðssálmana og aðra mikilvæga hluti. Gott kirkjukaffi á prestssetrinu á eftir. Innilega velkomin að Mosfelli!

Þorláksskirkja

Kirkjubrall kl. 11:00. Stöðvar - söngur-saga. Fjölskyldusamvera - Allir velkomnir. Við ætlum að brasa og bralla saman

Selfosskirkja

Fermingarmessa verður í Selfosskirkju kl. 11. Prestar eru Gunnar Jóhannesson og Guðbjörg Arnardóttir. Kór Selfosskirkju syngur undir stjórn Edit Molnár organista.

Hveragerðiskirkja

Fermingarmessa kl. 11.

Félagsheimilið Árnas

Kaffihúsamessa sunnudagskvöldið 6. apríl kl. 20:30. Kirkjukórinn syngur hugljúf lög og sálma undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Söngmálastjóri kirkjunnar, Guðný Einarisdóttir, flytur ávarp og afhendir völdum kórfélögum Liljuna sem er viðurkenning fyrir áratugastarf í kirkjukór. Prestur flytur hugvektu og bænir. Notaleg samvera. Verið öll hjartanlega velkomin. Sóknarprestur

Víðir nýr framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Víðir Reyrr Þórsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. en það var samþykkt á stjórnarfundum Sorpstöðvarinnar nýlega.

Staðan var auglýst í lok

febrúar og sóttu 10 manns um starfið.

Víðir tók til starfa 1. apríl síðastliðinn en starfsstöð hans verður á móttökustöð Sorpstöðvarinnar að Strönd. Víðir er búsettur í Rangárbíngi ytra.



Eggert Valur Guðmundsson, stjórnarformaður Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og Víðir Reyrr Þórsson, nýr framkvæmdastjóri handsala ráðninguna.

Mannlegar tilfinningar í apríl

Laugardaginn 5. apríl frá kl. 13-15 opnar Katrín Katrínardóttir myndlistarsýningu í Gallery Listaseli.

Katrín er fædd og uppalin í smábúðaverfinu í Reykjavík.



Í dag býr hún á Selfossi og þar hefur hún sína vinnustofu.

Katrín sækir innblástur sinn í mannlegar tilfinningar og birtingarmyndir þeirra og er það helsti mótnarþáttur listar hennar. Hún notar eingöngu olíumálningu á striga en þar notar hún bæði pensla og spaða.

Katrín er í mastersnámi í Listaháskóla Íslands í „List og velferð“ en á að baki farsælan feril sem leikskólakennari, klínískur félagsráðgjafi og fjölskyldumeðferðarafræðingur. Þá hefur Katrín sótt nokkur master class-námskeið hjá Bjarna Sigurbjörnssyni listmálara í gegnum tíðina.

Katrín hefur haldið nokkrar sýningar og heildarfjöldi gesta hleypur á hundruðum. Katrín mun auk þessarar sýningar einnig sýna í Reykjavík í maí.

Lífið er Kabarett!



Lífið er kabarett er tónleika-sýning með eldri söngnemendum Tónlistarskóla Rangæinga sem haldin verður 11. apríl nk. Tvær sýningar verða sýndar, ein klukkan 18 og önnur klukkan 21.

Upprunalega byrjaði Kabarett í Frakklandi árið 1880. Kabarett var blanda af tónlist, skopstælingu, ljóðum og pólitískum ádeilum og var flutt á litlum stöðum þar sem listamenn gátu tjáð sig frjálsglega.

Í Tónlistarskóla Rangæinga er mikil gróska, mikið af flottum kennurum og fullorðnum nemendum en þeim hefur fjölgað til muna á síðastliðnum árum. Upp kom sú hugmynd að setja upp Kabarett-sýningu þar sem nemendur syngja lög frá ár-

unum 1929-1960. 11 sönkonur taka þátt í verkefninu: Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir (kennari), Anna Margrét Aðalsteinsdóttir, Brynhildur Sighvatsdóttir, Elísabeth Lind Ingólfsdóttir, Heiðbrá Ólafsdóttir, Drífa Nikulásdóttir, Guðrún María Guðmundsdóttir, Harpa M. Kjartansdóttir, Rebekka Katrínardóttir, Sólrún Lilja Pálsdóttir og Glódís Margrét Guðmundsdóttir (meðleikari) en Glódís vinnur



Þetta verkefni með Aðalheiði og spilar líka á píanó í hljómsveitinni.

Hljómsveitin er skipuð starfsfólki og nemanda skólans og öðrum íbúum Rangárþings: Glódís Margrét Guðmundsdóttir - píanó, Sandra Rún Jónsdóttir - trompet, Guri Hilstad - trompet, Árni Ólafsson - bassi, Ingibjörg Erlingsdóttir - kontra-bassi, Mikael Máni Leifsson - trommur, hljóðmaður er Arnar Gauti Markússon.

„Það er svo gaman að koma saman og vinna svona tónlistarverkefni með svo ólíkum hópi fólks á ólíkum stöðum í samfélaginu. Það er mikið lagt í sýninguna, bæði verið í fötum sem passa við tímabilið, lög sungin með ýmsum listrænum hreyfingum og tjáningu og annað sem kemur í ljós,“ segir í tilkynningu frá skólanum.

Veitingastaðurinn Midgard sér um léttar veitingar og þjónustu sem er innifalin í miðaverði. Gestir koma með sína eigin drykki og aldurstakmark er 18 ára.

Almennt miðaverð er kr. 4900. Ef pantað er fyrir hópa sex eða fleiri er verð kr. 4500. Miðapantanir eru á songleikur@tonrang.is eða í síma 8238264, hægt er að millifæra á rkn. 0123-26-096367, kt. 190775-5269.

Mælt er með því að panta sem fyrst!



Langur fimmtudagur í Listasafni Árnesinga

Listasafn Árnesinga veður með lengri opnun en venjulega fimmtudaginn 3. apríl. Boðið verður upp á tvo ókeypis viðburði.

Klukkan 16:00 kemur listakonan Svandís Egilsdóttir og verður með vatnslitasmiðju.

Klukkan 19:30 verður boðið upp á fyrirlestur og fræðslu um

AYURVEDA OG BREYTINGASKEIÐIÐ með **Heiðu Björk**

Ayurveda-fræðin líta á breytingaskeiðið sem eðlilegt ferli í æviskeiði konunnar. Þetta er æviskeið sem býður upp á nýja lífssýn og nýja nálgun á lífið.

Öll eru velkomin á viðburðina.

Ný stjórn Viðreisnar í Árnessýslu

Þann 19. mars sl. var haldinn Aðalfundur Viðreisnar í Árnessýslu. Vel var mætt á fundinn og var ný stjórn félagsins kosin.

Axel Sigurðsson var kjörinn formaður félagsins. Auk Axels voru eftirfarandi aðilar kosnir í stjórn: Daniel Leó Ólason, Guðný Björk Pálmadóttir, Sigurður Steinar Ásgeirsson, Ástrós Rut Sigurðardóttir, Þorsteinn Haukur Harðarson og

Birgir Marteinsson

Ný stjórn tekur til starfa með öflugum vilja til að vinna að málefnum Viðreisnar í Árnessýslu.

Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með!

Fylgstu með á samfélagsmiðlum og heimasíðu Viðreisnar fyrir frekari upplýsingar um komandi viðburði og málefni.



Selfossveitur semja um aukin jarðhitaréttindi

Selfossveitur hafa samið við Seigendur jarðarinnar Hallanda í Flóahreppi um einkarétt til jarðhitarannsókna, borunar eftir jarðhita og til virkjunar og hagnýtingar á jarðhita í landi Hallanda.

Sveitarfélagið Árborg greinir frá þessu á síðu sinni og segir að það hafi verið í forgangi sveitarfélagsins sl. ár að tryggja framboð á grunninnviðum líkt og heitu vatni.

Samningurinn tryggir Selfossveitum svæði til áframhaldandi jarðhitaleitar og mögulegrar virkjunar á heitu vatni. Svæðið sem um ræðir er austan við Selfoss og liggur að landi Stóra Ármóts. Selfossveitur hafa leitað að og virkt heitt vatn á þessu svæði undanfarna áratugi.

„Það eru spennandi tímar næstu árin í Sveitarfélaginu Árborg og miklar áætlanir um uppbyggingu. Þessi samningur tryggir Selfossveitum svæði til jarðhitaleitar en áfram verður unnið að samningum um fleiri svæði, enda mikilvægt að horfa til langs tíma við uppbyggingu innviða samfélagsins“, sagði Bragi Bjarnason, bæjarstjóri af þessu tilefni.

Við undirritunina voru Sveinn Aegir Birgisson, formaður bæjarráðs og eigna- og veitunefndar, Sigurður Þór Haraldsson, fráfari veitustjóri Selfossveitna, Bragi Bjarnason, bæjarstjóri ásamt þeim Ann Gunnillu Westerberg og Rúnari Þór Steingrímssyni, landeigendum Hallanda.

Kaffihúsa-messa í Árnesi

Það verður kaffihúsastemning í kvöldmessu í félagsheimilinu Árnesi sunnudagskvöldið 6. apríl kl. 20:30. Þar mun Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna syngja hugljúf lög og sálma undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Orð og bænir verða fluttar á milli söngva en sérstakur gestur verður Guðný Einarsdóttir söngmálastjóri kirkjunnar. Hún flytur ávarp og afhendir völdum kórfélögum Liljuna sem er viðurkenning fyrir áratugastarf í kirkjukór. Allir eru hjartanlega velkomnir á þessa notalegu kvöldsamveru í Árnesi, heitt á könnunni og sæti fyrir alla.





Perla og Hákon ásamt Guðmundi Kr. Jónssyni, heiðursformanni HSK. Ljósmynd: HSK/Engilbert Olgeirsson.

Hákon og Perla íþróttafólk HSK 2024

Skotíþróttamaðurinn Hákon Þór Svavarsson, Skotíþróttafélagi Suðurlands, og handknattleikskonan Perla Ruth Albertsdóttir, Umf. Selfoss, voru valin íþróttakarlar og íþróttakona HSK 2024. Sunnlenska greindi fyrst frá.

Verðlaunin voru veitt á 103. héraðsþingi HSK sem haldið var í félagsheimilinu Aratungu í Biskupstungum 27. mars sl.

Hákon Þór átti mjög gott ár í fyrra en hann keppti á Ólympíuleikunum í París síðasta sumar. Hann varð í 23. sæti í haglaþyssuskotfimi með 116 stig af 125 mögulegum á, en það er besti árangur Íslendinga í greininni frá upphafi. Hákon fór líka á önnur mót erlendis og stóð sig vel á mótum héraðs en hann varð Íslands- og stigameistari STÍ auk þess sem hann jafnaði sitt eigið Íslandsmet í greininni með 122 stig.

Perla Ruth átti mjög gott ár í handboltanum. Hún var lykil-

leikmaður í meistaraflokksliði Selfoss sem vann Grill 66 deildina á síðasta tímabili. Hún spilar sem varnarmaður og er þar í lykilhlutverki. Hún skoraði að meðaltali 7,85 mörk í leik á tímabilinu. Perla er einnig í landsliðinu og lék alla leiki liðsins á síðasta ári.

TAXI
SELFOSSI
SÍMI 482 3800



HJÓLA-STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422



Stíflubjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Framúrskarandi málningar-
þjónusta, vönduð vinnu-
brögð, góð samskipti og
sanngjart verð.

Valdi málari

Sími 823 4522

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR



KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is